

VEGUR

TRÚARINNAR



❧ SAMRÆÐUKVÖLD ❧
Í GLERÁRKIKJU Á
MIÐVIKUDAGSKVÖLDUM
Í FEBRÚAR OG MARS KL. 20-22

Á þessum átta samræðukvöldum er ætlunin að ræða um andlegt líf og þýðingu þess fyrir trúað fólk, deila reynslu af vegferðinni og ræða saman um hana.



SAMRÆÐUKVÖLD

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi í samstarfi við Gleráarkirkju stendur fyrir samræðukvöldum eins og undanfarin misseri. Tilgangurinn með þeim er að skapa vettvang til samtals um kirkju og kristni og er öllum sem áhuga hafa velkomið að taka þátt í samtalinu.

Kvöldin hefjast með helgistund og innleggi út frá Sæluboðun Meistarans í Fjallræðunni, nema fyrsta og síðasta kvöldið verða flutt erindi. Erindi fyrsta kvöldið fjallar um andlega vegferð trúaðs manns almennt og síðasta kvöldið er vegferðin í daglegu lífi skoðuð. Hin hefjast með útskýringu á Biblíutexta. Eftir kaffihlé verður tekið viðtali við trúað fólk um vegferð þeirra út frá efni kvöldsins og í framhaldi af því verða almennar umræður.

UPPLÝSINGAR Á VEF:
WWW.KIRKJAN.IS/NAUST

SÆLUBOÐUN JESÚ OG FJALLRÆÐAN

Viðfangsefni verða:

1. Haminguleitin.
2. Guðleg vídd tilverunnar.
3. Þverstæður lífsins, fátækt og ríkidæmi, sorg og gleði, réttlæti og ranglæti.
4. Hógværð og handleiðsla.
5. Guðrækni, að biðja og iðja.
6. Æðruleysi í friðar- og sáttarstarfi.
7. Gleði í mótlæti.
8. Vegurinn framundan, samantekt og horft til framtíðar.

Umsjón með kvöldunum hafa Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni í Glerárkirkju, s. 464 8800 og sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, s 897 3302.

VEGUR TRÚARINNAR Í GLUGGUM GLERÁRKIRKJU

Einn af steindu gluggunum í Glerárkirkju túlkar veg trúarinnar eða Emmausgönguna.

Það er glugginn í kapellu kirkjunnar sem sjá má hér til hliðar. Fiskurinn var leynitákn kristinna manna og er það notað í glugganum hér fyrir neðan.

Gluggarnir voru gerðir af Leif Breiðfjörð.



Dagskrá samræðukvöldanna vorið 2012

1. HAMINGJULEITIN

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 8. FEBRÚAR

Texti: Matt. 5. 1-2, 13-20

Spurningar kvöldsins: Hvernig hafa menn leitað hamingjunnar? Hefur leitin að hamingjunni eitthvað með Guð að gera? Hvað á Jesús, Meistarinn frá Nasaret, við þegar hann lýsir áheyrendur sína sæla? Hvernig er andleg vegferð kristins manns?

Upphafserindi: Dr. Kristinn Ólason, Gamla testamentisfræðingur og stundakennari við HÍ.

2. GUÐLEG VÍDD TILVERUNNAR

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 15. FEBRÚAR

Texti: Matt. 5. 3, 7. 7-12

Spurningar kvöldsins: Hvernig opnar maður sig fyrir Guði? Er það að vera fátækur í anda að vera móttækilegur fyrir Guði? Hvernig er Guð ein vídd tilveru okkar?

Innlegg og viðtal: Sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, hann ræðir við Katrínu Ásgrímsdóttur, framkvæmdastjóra Sólskóga.

3. ÞVERSTÆÐUR LÍFSINS

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 22. FEBRÚAR

Texti: Matt. 5. 4, 6. 19-23

Spurningar kvöldsins: Sæluboðun Jesú er þverstæðukennd varðandi fátækt, sorgina og ranglæti. Hvernig á að skilja orð hans? Hvernig vinnur trúaður maður með þverstæðurnar í lífi sínu?

Innlegg og viðtal: Sr. Guðrún Eggertsdóttir, sjúkrahúsprestur, hún ræðir við Ingibjörgu Svöfu Siglaugsdóttur, hjúkrunarfræðing.

4. HÓGVÆRÐ OG HANDLEIÐSLA

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 29. FEBRÚAR

Texti: Matt. 5. 5-6, 5. 21-48

Spurningar kvöldsins: Hvað er átt við með hinum hógværu í landinu? Hvert er siðgæði fjallræðunnar og spekirita Gamla testamentisins? Hvaða afleiðingar hefur það fyrir líf manns að láta Guð leiða sig?

Innlegg og viðtal: Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni, hann ræðir við Valgerði Valgarðsdóttur, djákna.

5. GUÐRÆKNI, AÐ BIÐJA OG IÐJA

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 7. MARS

Texti: Matt. 5. 7-8, 6. 1-18

Spurningar kvöldsins: Hvernig lífi er lýst í Fjallræðunni? Hvað kennir Jesús um guðrækni gyðinganna sem byggði á ölmusu, bænaíðkun og föstum? Hvernig kennir hann lærisveinum sínum að biðja og starfa?

Innlegg og viðtal: Sr. Gunnlaugur Garðarsson, sóknarprestur í Glerárkirkju, hann ræðir við dr. Sigríði Halldórsdóttur, prófessor við HA.

6. ÆÐRULEYSI Í FRÍÐAR- OG SÁTTARSTARFI

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 14. MARS

Texti: Matt. 5. 9, 6. 19-34

Spurningar kvöldsins: Hvernig gildismat elur trúin af sér? Er það verðamætamat sem snýst um fólk og náungann? Hvernig geta kristnir menn stuðlað að friði og sátt í nærumhverfi sínu sem og þar sem ófriður ríkir?

Innlegg og viðtal: Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir, prestur í Glerárkirkju, hún ræðir við sr. Svavar A. Jónsson, sóknarprest í Akureyrarkirkju.

7. GLEÐI Í MÓTLÆTI

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 21. MARS

Texti: Matt. 5. 10-12, 7. 1-20

Spurningar kvöldsins: Hvernig getur gleðin verið grunntilfinning trúarinnar þegar á móti blæs? Hvernig sigrar trúin illt með góðu? Hvernig breiðist trúin út?

Innlegg og viðtal: Sr. Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, hann ræðir við dr. Bjarna Guðleifsson, náttúrufræðing.

8. VEGURINN FRAMUNDAN, NÚTÍMINN OG FRAMTÍÐIN

MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ 28. MARS

Texti: Matt. 5. 12, 7. 21-29

Spurningar kvöldsins: Hvernig á sæluboðunin og Fjallaræðan við í dag? Hvernig göngum við á veginum í nútímasamfélagi og höfum áhrif til góðs? Hvernig lítur framtíðin út fyrir kristni og kirkju?

Erindi: Sunna Dóra Möller, guðfræðingur, og Sr. Bolli Pétur Bollason, sóknarprestur í Laufási.

FJALLRÆÐAN - GUÐDÓMLEG ORÐ

“Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í blöður og faðir yðar himneskur faðir þá... Og hví eruð þér ábyggjufull um klæðnað? Hyggið að liðjum vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna.”



Matt. 6